

Afkvæmarannsóknir á nautum Nautastöðvar BÍ, sem fædd voru árið 2009

Guðmundur Jóhannesson

Nú er lokið afkvæmaprófun nauta Nautastöðvar BÍ, sem fædd voru árið 2009. Hér verður gefið yfirlit um nokkrar niðurstöður varðandi dætur þessara nauta og gerð grein fyrir öðrum niðurstöðum sem þegar liggja fyrir. Alls voru afkvæmarannsókuð 27 naut í árgangi 2009. Tólf naut áttu syni í þessum árgangi. Skurður 02012 átti flesta eða 5 talsins, Spotti 01028 og Lykill 02003 áttu 4 syni hvor, Kappi 01031 og Flói 02029 áttu 3 syni hvor, Glæðir 02001 átti 2 syni og Þrasi 98052, Hersir 97033, Pollur 99008, Laski 00010, Gosi 00032 og Snotri 01027 áttu einn son hver. Einkenni þessa nautaárgangs er breytileiki í afurðasemi og mjöltum en sterk júgurgerð. Frá þessu eru þó nokkur frávik eins og oft vill vera. Besta naut árgangsins er Bolti 09021 frá Birtingaholti 4 í Hrunamannahreppi..

Hér fylgja umsagnir um helstu einkenni dætrahópa nautanna:

Jökull 09001 frá Árbæ í Hornafirði.

F: Hersir 97033, m: Spóla 301, mf: Soldán 95010

Um tveir þriðju hlutar dætra Jökuls eru tvílitir. Algengasti tvílitur er skjöldóttur. Allir grunnlitir koma fyrir en rauður litur er langalgengastur. Mjólklagni dætra Jökuls er töluvert undir meðallagi en fituhlutfall í mjólk er í góðu meðallagi og próteinhlutfall mjög hátt. Þetta eru fremur smáar, bolgrunnar og útlögulitlar kýr og í meðallagi háfættar. Yfirlína er sterk. Malir eru grannar, beinar en nokkuð þaklaga. Fótstaða er sterkleg og fremur gleið. Júgurgerð þessara er um meðallag, júgrin eru meðalvel borin með góða festu og júgurband er nokkuð greinilegt. Spenagerð er meðalgóð, þeir eru hæfilega stuttir, fremur grannir en gleitt settir. Dætur Jökuls eru þungar í mjöltum og aðeins ber á seinum mjöltum sem og mismjöltum. Skap þessara gripa er meðalgott en þær koma illa út í gæðaröð.

Jökull verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Kraki 09002 frá Egilsstaðakoti í Flóa.

F: Pollur 99008, m: Sokka 372, mf: Soldán 95010

Um einn fjórði hluti afkvæma Kraka er einlitur og af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir algengastir. Af tvílitum kemur skjöldóttur oftast fyrir. Dætur Kraka eru meðalkýr hvað afurðamagn snertir en hlutföll verðefna í mjólk eru undir meðallagi og fituhlutfall reyndar lágt. Þetta eru meðalstórar kýr en fremur bolgrunnar og útlögur ekki miklar. Yfirlínan er sterk og þær eru í góðu meðallagi háfættar. Malir eru prýðilega gerðar, beinar og flatar en grannar. Fótstaða er góð og sterkleg. Júgurgerð þessara kúa er úrvalsgóð, júgrin eru vel gerð, ákaflega vel borin með mikla festu og sterkt júgurband. Spenagerð er góð, þeir eru stuttir, hæfilega grannir og meðalvel settir. Dætur Kraka eru mjög góðar í mjöltum og skapið er um meðallag.

Kraki verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Gustur 09003 frá Hóli í Sæmundarhlíð.

F: Laski 00010, m: Rák 384, mf: Hersir 97003

Um 60% afkvæma Gusts eru tvílit þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir langmest áberandi. Dætur Gusts eru meðalkýr hvað afurðamagn snertir, fituhlutfall er nærri meðallagi en próteinhlutfall hátt. Þetta eru meðalstórar kýr og fremur háfættar. Þær eru fremur bolgrunnar en útlögur allgóðar. Yfirlína er bein. Malir eru í meðallagi breiðar, aðeins hallandi

en fremur flatar. Fótstaða er bein og sterkleg. Júgurgerðin er góð, mikil júgurfesta, þrýðilegt júgurband og þau ágætlega borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega langir og þykkir og vel settir. Dætur Gusts eru góðar í mjöltum og skapið er úrvalsgott.

Gustur verður tekinn til framhaldsnotkunar sem nautsfaðir.

Silfri 09004 frá Laufási í Hjaltastaðapinghá.

F: Snotri 01027, m: Huppa 119, mf: Brimill 97016

Tæplega tveir þriðju hlutar afkvæma Silfra eru tvílit og er huppóttur algengastur tvílit. Af grunnlitum ber mest á svörtum og kolóttum litum þó allir grunnlitir komi fram. Dætur Silfra eru í góðu meðallagi hvað mjólkurmagn varðar. Fituhlutfall í mjólk er hins vegar nokkuð lágt en próteinhlutfall í tæpu meðallagi. Þetta eru fremur stórar kýr, boldjúpar með meðalútlögur og beina yfirlínu. Malir eru meðalbreiðar, nokkuð flatar og fremur beinar. Fótstaða er fremur hokin og þröng, háfættar kýr. Júgurgerð er slök, júgurfesta er lítil, júgurband ógreinilegt og júgurdýpt mikil. Spenar eru fremir grófir, í lengra og þykkara lagi en meðalvel settir. Mjaltir eru undir meðallagi og nokkuð ber á seinum mjöltum og mismjöldum. Skap er í tæpu meðallagi.

Silfri verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Merkúr 09009 frá Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum.

F: Skurður 02012, m: 422, mf: Bylur 97002

Mikill meirihluti afkvæma Merkúrs eru tvílit og algengusti litur er skjöldóttur. Af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir algengastir þó allir litir komi fyrir. Dætur Merkúrs eru ákaflega mjólkurlagnar en hlutfall verðefna í mjólk er nokkuð undir meðallagi. Þetta eru vel gerðar kýr á skrokkin, fremur stórar og mjög bolbjúpar og útlögumiklar með fremur veika yfirlínu. Malir eru breiðar, hallandi en flatar. Fótstaða er nokkuð bein, mjög gleið og sterkleg og kýrnar eru fremur háfættar. Júgurgerð er meðalgóð, júgurfesta frekar mikil og júgurband í meðallagi en júgurdýpt allnokkur. Spenar eru hæfilega stuttir, fremur grannir og vel settir. Dætur Merkúrs eru of þungar í mjöltum, nokkuð ber á seinum mjöltum og mismjöldum. Skapið er um meðallag þó aðeins beri á skapgölluðum gripum.

Merkúr verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Stubbur 09017 frá Birtingaholti 1 í Hrunamannahreppi.

F: Gosi 00032, m: Smá 432, mf: Soldán 95010

Tveir þriðju hlutar afkvæma Stubbs eru tvílit og eru huppóttur og skjöldóttur algengastir. Af grunnlitum ber langmest á rauðum litum þó allir litir nema gráir komi fyrir. Afurðasemi dætra Stubbs er um meðallag hvað magn snertir en hlutföll verðefna í mjólk eru lág, sérstaklega hlutfall próteins. Þetta eru mikið frekar smáar kýr, boldýpt í meðallagi, útlögur miklar en yfirlína veik. Malirnar eru breiðar, hallandi en flatar. Fótstaðan er nokkuð bein og mjög gleið og sterkleg. Kýrnar eru frekar lágfættar. Júgurgerðin er góð, mikil júgurfesta og þau vel borin en júgurband ekki áberandi. Spenagerð er góð, þeir eru hæfilega stuttir, aðeins þykkir en vel settir. Dætur Stubbs eru of þungar í mjöltum þó ekki beri mikið á beinum göllum eins og seinum mjöltum eða mismjöldum. Skap þessara kúa er undir meðallagi og þær koma illa út í gæðaröð.

Stubbur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Bolti 09021 frá Birtingaholti 4 í Hrunamannahreppi.

F: Spotti 01028, m: Skinna 192, mf: Snotri 01027

Tæplega tveir þriðju hlutar afkvæma Bolta eru einlitir og af grunnlitum eru kolóttir litir algengastir. Af tvílitum kemur skjöldóttur oftast fyrir. Dætur Bolta eru afurðakýr og hlutföll verðefna í mjólk eru um meðallag. Þetta eru sérlega stórar og háfættar kýr með mikla bolbýpt og útlögur en yfirlínan er fremur veik. Malir eru sérlega breiðar, hallandi og flatar. Fótstaða er ákaflega sterkleg og góð. Júgurgerð þessara kúa er úrvalsgóð, þau eru vel löguð, ákaflega vel borin með mikla festu og sterkt júgurband. Spenagerð er góð, þeir eru hæfilega stuttir og grannir og vel settir. Dætur Bolta eru góðar í mjöltum og skapið er um meðallag.

Bolti verður tekinn til framhaldsnotkunar sem nautsfaðir.

Síll 09028 frá Akbraut í Holtum.

F: Skurður 02012, m: Fríða 150, mf: Háleggur 01377

Tæplega þrír fjórðu hlutar afkvæma Síls eru tvílitir og kemur hryggjóttur oftast fyrir. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir grunnlitir nema gráir komi fyrir. Dætur Síls eru í meðallagi mjólkurlagnar, fituhlutfall liggur um meðaltal en próteinhlutfall heldur undir. Þetta eru fremur stórar og háfættar kýr með góða bolbýpt og útlögur og sterka yfirlínu. Malir eru meðalbreiðar, nokkuð beinar og fremur flatar. Fótstaða er nokkuð hokin og aðeins þröng. Júgurgerð þessara kúa er undir meðallagi, júgurfasta er í tæpu meðallagi, júgurband fremur ógreinilegt og þau meðalvel borin. Spenagerð er góð, þeir eru hæfilega stuttir og grannir og vel settir. Dætur Síls eru of þungar í mjöltum og aðeins örlar fyrir seinum mjöltum og mismjöltum. Skapið er mjög gott.

Síll verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Háls 09029 frá Hraunhálsi í Helgafellssveit.

F: Spotti 01028, m: Löm 178, mf: Almar 90019

Ríflega einn þriðji hluti afkvæma Háls eru tvílit þar sem huppóttur og skjöldóttur litir eru algengastir. Af grunnlitum ber langmest á rauðum litum þó öllum litum nema gráum bregði fyrir. Dætur Háls eru ekki afurðasamar kýr hvað mjólkurmagn snertir en hlutföll verðefna í mjólk eru há. Þetta eru femur stórar og háfættar kýr með góðar útlögur en fremur bolgrunnar. Yfirlínan er frekar veik. Malir eru meðalbreiðar, nokkuð beinar en þaklaga. Fótstaða er bein, mjög gleið og sterkleg. Júgurgerð þessara kúa er mjög góð, þau eru vel löguð, vel borin með góða festu og feiknasterkt júgurband. Spenagerð er góð, þeir eru hæfilega stuttir og grannir og vel settir. Dætur Háls eru undir meðallagi í mjöltum og aðeins ber á seinum mjöltum og mismjöltum. Skapið er í góðu meðallagi.

Háls verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Rauðgrani 09034 frá Gilsáreigi 2 á Fljótsdalshéraði.

F: Skurður 02012, m: Júlía 245, mf: Hvítungur 96032

Mikill meirihluti afkvæma Rauðgrana eru tvílit þar sem mest ber á grönóttum lit. Af grunnlitum koma rauðir litir oftast fyrir þó alla liti megi finna. Dætur Rauðgrana eru í meðallagi mjólkurlagnar en hlutföll verðefna í mjólk eru há og próteinhlutfallið reyndar gríðarhátt. Þetta eru smáar kýr og fremur lágfættar. Þær eru frekar bolgrunnar og útlögulitlar og yfirlínan er veik. Malir eru fremur grannar,

nokkuð beinar og aðeins þaklaga. Fótstaða er hokin, eilítið þröng og veik. Júgurgerð þessara kúa er slök, júgurfasta er lítil, júgurband ógreinilegt og þau illa borin. Spenagerð er góð, þeir eru hæfilega stuttir og grannir en ákaflega gleitt settir. Mjaltir eru slakar og nokkuð ber á mjlatagöllum eins og seinum mjöltum og mismjöltum. Skapið er hins vegar mjög gott.

Rauðgrani verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Jarl 09039 frá Öxará í Þingeyjarsveit.

F: Kappi 01031, m: Lukka 107, mf: Kaðall 94017

Tæplega helmingur afkvæma Jarls er tvílitur þar sem huppótur er algengastur. Af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir algengastir þó allir grunnlitir nema gráir komi fyrir. Dætur Jarls eru miklar mjólkurkýr og hlutfall fitu í mjólk er um meðallag en hlutfall próteins mjög lágt. Þetta eru stórar og háfættar kýr boldýpt og útlögur eru í tæpu meðallagi. Yfirlínan er sterk. Malir eru meðalbreiðar, beinar og aðeins þaklaga. Fótstaða er góð og sterkleg en eilítið þröng. Júgurgerð dætra Jarls er undir meðallagi þar sem skortir á festu en júgurband er nokkuð sterkt. Spenagerð er góð, þeir eru stuttir, aðeins grannir en fremur gleitt settir. Mjaltir eru í meðallagi, aðeins ber á mismjöltum og skapgerð er frekar stirð.

Jarl verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Jónsi 09041 frá Mel í Borgarbyggð.

F: Spoti 01028, m: Jónasína 305, mf: Ótti 99029

Afkvæmi Jónsa eru nánast öll einlit þar sem rauðir og bröndóttir eru algengustu litir þó allir grunnlitir nema gráir komi fram. Ekki er hægt með vissu að segja til hver tvílita er mest áberandi vegna fárra tvílira afkvæma. Dætur Jónsa eru ákaflega litlir afurðagripir en hlutföll verðefna í mjólk eru í meðallagi. Kýrnar eru tæplega meðalkýr að stærð, fremur boldjúpar með allgóðar útlögur og sterka yfirlínu en í meðallagi háfættar. Malir eru nokkuð breiðar, hallandi en flatar. Fótstaða er gleið og sterkleg. Júgurgerð er góð, júgurfasta mikil og greinilegt júgurband en júgrin ekki nema meðalvel borin. Spenagerð er góð, spenar eru ágætlega lagaðir og vel settir. Dætur Jónsa eru of þungar í mjöltum, aðeins ber á seinum mjöltum og mismjöltum. Skapi þeirra er ábótavant og þær koma sérlega illa út í gæðaröð.

Jónsi verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Foss 09042 frá Fossi í Hrunamannahreppi.

F: Kappi 01031, m: Lykkja 389, mf: Príor 98042

Um þrír fjórðu hlutar afkvæma Foss eru einlit og eru rauðir litir algengastir grunnlita þó einnig sé hátt hlutfall afkvæmanna bröndótt eða kolótt. Af tvílitum ber mest á huppóttum. Dætur Foss er góðar afurðakýr hvað magn snertir en hlutföll verðefna í mjólk eru um meðallag. Þetta eru ákaflega stórar og háfættar kýr með mikla boldýpt og útlögur og mjög sterka yfirlínu. Malir eru mjög breiðar og vel gerðar, beinar og fremur flatar. Fótstaða er sterkleg. Júgurgerðin er úrvalsgóð, góð festa og áberandi júgurband auk þess sem þau eru sérlega vel borin. Spenargerðin er góð, þeir eru aðeins langir en vel settir. Dætur Foss eru í meðallagi í mjöltum og skapi og fá góða umsögn eigenda sinna hvað skap varðar.

Foss verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Gæi 09047 frá Svertingsstöðum 2 í Eyjafirði.

F: Lykill 02003, m: Pæja 265, mf: Stígur 97010

Tæpur helmingur afkvæma Gæja er einlitur og eru rauðir litir algengastir grunnlita. Af tvílutum kemur huppóttur oftast fyrir þó einnig beri nokkuð á sokkóttum/leistóttum og skjöldóttum. Dætur Gæja eru góðar afurðakýr hvað magn varðar en fituhlutfall í mjólk er lágt. Próteinhlutfall er hins vegar yfir meðallagi. Þetta eru meðalstórar kýr og í góðu meðallagi háfættar. Þær fremur bolléttar og útlögulitlar en yfirlína er bein og sterkleg. Malir eru fremur grannar en vel gerðar, beinar og fremur flatar. Fótstaða er bein og sterkleg. Júgurgerð er góð, vel borin júgur með mikla festu og greinilegt júgurband. Spenar eru ágætlega lagaðir en fremur langir, grannir og eilítið gleitt settir. Mjaltir og skap eru í góðu meðallagi.

Gæi verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Stuldur 09048 frá Hólmum í Landeyjum.

F: Skurður 02012, m: Rauðleit 305, mf: Hvítingur 96032

Um tveir þriðju hlutar afkvæma Stuldar eru tvílit þar sem skjöldóttur er algengasti litur. Af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir mest áberandi þó allir grunnlitir nema gráir komi fyrir. Dætur Stuldar eru miklar mjólkurkýr og hlutfall fitu í mjólk er um meðallag en hlutfall próteins hátt. Þetta eru fremur stórar og í góðu meðallagi háfættar kýr. Þær eru undir meðallagi hvað snertir boldýpt og útlögur og yfirlínan er nokkuð bein. Malir eru grannar, nokkuð beinar og ágætlega gerðar. Fótstaða er eilítið þröng. Júgurgerð dætra Stuldar er afleit þar sem mikið skortir á festu, júgurband er mjög ógreinilegt og júgrin illa borin. Spenagerð er góð, þeir eru fremur stuttir og grannir en full gleitt settir. Mjalir Stuldardætra eru slakar og nokkuð ber á göllum eins og mismjöltum og seinu mjöltum. Skap þessara kúa er í meðallagi.

Stuldur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Rósant 09051 frá Syðri-Bægisá í Öxnadal.

F: Spotti 01028, m: Rósa 297, mf: Þrasi 98052

Um tveir þriðju hlutar afkvæma Rósants eru tvílit og eru huppóttur og skjöldóttur algengastir tvílita. Af grunnlitum ber einna mest á rauðum og kolóttum litum en litafjölbreytni er nokkur og allir grunnlitir nema gráir koma fyrir. Dætur Rósants eru í meðallagi mjólkurlagnar en fituhlutfall í mjólk er hátt og próteinhlutfall undir meðallagi. Þetta eru fremur smáar kýr, bolgrunnar og fremur útlögulitlar með beina yfirlínu. Malir eru grannar, hallandi og þaklaga. Fótstaðan er nokkuð hokin og þröng. Kýrnar eru í meðallagi háfættar. Júgurgerð er úrvalsgóð, vel löguð júgur með mikla festu, ákaflega greinilegt júgurband og mjög vel borin júgur. Spenagerð er úrvalsgóð og spenar eru vel settir. Mjaltir eru undir meðallagi og ber aðeins á seinmjólka kúm. Skap er um meðallag en aðeins ber á skapgölluðum kúm.

Rósant verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Rómur 09058 frá Hóli í Sæmundarhlíð.

F: Skurður 02012, m: Fluga 054, mf: Stígur 97010

Um tveir þriðju hlutar afkvæma Róms eru tvílit og ber mest á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir algengustu litir en í hópnum er alla grunnliti að finna. Dætur Róms eru í meðallagi mjólkurlagnar og hlutföll verðefna í mjólk liggja um meðallag. Þær eru frekar smáar, nokkuð bolgrunnar og útlögulilar en með beina yfirlínu. Þær eru í góðu meðallagi háfættar. Malir eru fremur grannar en ágætlega gerðar, jafnar og fremur flatar. Fótstaða er hokin og þröng. Júgurgerðin er undir meðallagi, vantar nokkuð á festu auk þess sem júgurband er ógeinilegt og júgrin ekki nógu vel borin. Spenagerð er góð, spenarnir eru vel gerðir en full gleitt settir. Dætur Róms er of þungar í mjöltum og aðeins örlar fyrir göllum eins og seinum mjöltum og mismjöltum. Skap þessara kúa er ekki nógu gott.

Rómur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Freyr 09063 frá Mel í Borgarbyggð.

F: Kappi 01031, m: Freyja 345, mf: Spotti 01028

Rúmlega helmingur afkvæma Freys er tvílitur og ber mest á leistóttum/sokkóttum, huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum ber mest á rauðum og bröndóttum litum þó allir grunnlitir nema gráir komi fyrir. Dætur Freys eru undir meðallagi mjólkurlagnar, hlutfall fitu í mjólk er fremur hátt en hlutfall próteins undir meðallagi. Þessar kýr eru fremur stórar, boldýp og útlögur í meðallagi og yfirlína bein. Malir eru meðalbreiðar, nokkuð beinar en þaklaga. Fótstaðan er sterkleg, bein og gleið og kýrnar eru í góðu meðallagi háfættar. Júgurgerð er meðalgóð, ágætlega löguð júgur með greinilegt júgurband en ekki nema meðalfestu og þau mættu vera betur borin. Spenagerð er góð, vel gerðir spenar en fremur í styttra og grennra lagi, meðalvel settir spenar. Mjaltir þessara kúa eru í tæpu meðallagi og skapið í góðu meðallagi.

Freyr verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Tungli 09066 frá Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum.

F: Lykill 02003, m: 376, mf: Stígur 97010

Um 60% afkvæma Tungla eru tvílit og ber mest á leistóttum/sokkóttum, huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum ber mest á rauðum litum þó allir grunnlitir nema gráir komi fyrir. Dætur Tungla eru ekki mjólkurlagnar og hlutfall fitu í mjólk er um meðallag en hlutfall próteins hátt. Kýrnar eru frekar smáar, bolgrunnar og útlögulitlar og með aðeins veika yfirlínu. Malir eru fremur grannar en nokkuð beinar og flatar. Fótstaða er eilítið hokin og þröng en kýrnar eru í góðu meðallagi háfættar. Júgurgerð er slök, júgrin eru illa borin og skortir töluvert á festu auk þess sem júgurband er ógreinilegt. Spenar eru vel gerðir, eilítið langir en prýðilega settir. Mjaltir þessara kúa eru undir meðallagi og ber aðeins á seinum mjöltum auk mismjalta meðal þeirra. Skap þeirra er undir meðallagi.

Tungli verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Þræll 09068 frá Svertingsstöðum 2 í Eyjafirði.

F: Prasi 98052, m: Gjöf 266, mf: Sendill 02013

Rúmlega tveir þriðju hlutar afkvæma Þræls eru tvílit og ber mest á skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir algengastir en allir grunnlitir koma fyrir. Afurðasemi dætra Þræls er góð, þetta eru miklar mjólkurkýr og hlutall fitu í mjólk er gríðarhátt en hlutfall próteins í tæpu meðallagi. Þetta eru mjög stórar kýr, í meðallagi boldjúpar en með miklar útlögur og sterka yfirlínu. Malir eru breiðar og ágætlega gerðar, nokkuð beinar og fremur flatar. Fótstaða er gleið og mjög sterkleg og þær eru mjög háfættar. Þessar kýr eru með úrvalsgóða júgurgerð, þau eru vel löguð, mjög vel borin með mikla festu og sterkt og greinilegt júgurband. Spenagerð er mjög góð, spenar hæfilega stuttir og grannir og mjög vel settir. Mjaltir þessara kúa eru í góðu meðallagi og skapið um meðallag.

Þræll verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Þulur 09069 frá Svertingsstöðum 2 í Eyjafirði.

F: Glæðir 02001, m: Þula 324, mf: Pollur 99008

Um tveir þriðju hlutar afkvæma Þular eru tvílit þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum eru bröndóttir litir mest áberandi þó allir litir sjáist. Dætur Þular eru í tæpu meðallagi mjólkurlagnar og hlutföll verðefna í mjólk eru undir meðaltali. Þetta eru fremur smáar kýr, bolgrunnar og útlögulitlar með fremur veika yfirlínu. Malir eru grannar og þaklaga en nokkuð beinar. Fótstaðan er góð en aðeins vottar fyrir linum kjúkum. Kýrnar eru í góðu meðallagi háfættar. Júgurgerð er mjög góð, vel borin júgur með mikla festu og mjög greinilegt júgurband. Spenagerð er góð en þeir eru í styttra og grennra lagi, vel settir. Mjaltir eru meðalgóðar og skapið mjög gott.

Þulur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Ferill 09070 frá Botni í Súgandafirði.

F: Lykill 02003, m: Slóð 420, mf: Stígur 97010

Um helmingur afkvæma Ferils er tvílitur og ber langmest á rauðum grunnlitum þó allir nema gráir litir komi fyrir. Af tvílitum ber mest á huppóttum og skjöldóttum. Dætur Ferils eru miklar mjólkurkýr með hátt próteinhlutfall í mjólk en fituhlutfall undir meðallagi. Þetta eru stórar og háfættar kýr með mikla boldýpt, góðar útlögur og sterka yfirlínu. Malir eru breiðar og fremur flatar en aðeins hallandi. Fótstaða þeirra er góð og sterkleg. Júgurgerð er um meðallag og ber hvorki mikið göllum né kostum. Spenar eru prýðilega gerðir og vel settir. Mjaltir eru góðar og skapið mjög gott.

Ferill verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Þytur 09078 frá Eystra-Hrauni í Landbroti.

F: Glæðir 02001, m: Hetta 403, mf: Jaxl 04027

Helmingur afkvæma Þyts er einlitur og af grunnlitum ber mest á rauðum litum þó allir nema gráir finnast. Af tvílitum ber mest á skjöldóttum. Dætur Þyts eru gríðarmiklar mjólkurkýr en efnahlutföll í mjólk eru einstaklega lág. Þetta eru fremur stórar og mjög háfættar kýr en hvorki boldjúpar né útlögumiklar. Yfirlína er bein. Malir eru fremur grannar, þaklaga og hallandi. Fótstaða er rétt og sterkleg. Júgurgerð er úrvalsgóð, mikil júgurfasta, áberandi júgurband og júgrin hátt sett og vel borin. Spenar eru vel gerðir, nettir en eilítið gleitt settir. Mjaltir eru mjög góðar og skapið í góðu meðallagi.

Þytur verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Askur 09079 frá Hraunhálsi í Helgafellssveit.

F: Lykill 02003, m: Hlyna 285, mf: Þrasi 98052

Nálægt tveim þriðju afkvæma Asks er tvílitur og ber mest á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum ber mest á bröndóttum og kolóttum litum þó allir nema gráir finnast. Dætur Strengs eru í meðallagi mjólkurlagnar og hlutfall fitu í mjólk er undir meðallagi en próteinhlutfallið hátt. Þetta eru nokkuð stórar og háfættar kýr, boldjúpar og útlögumiklar. Yfirlína er bein og sterk. Malir eru vel gerðar, fremur breiðar, beinar og flatar. Fótstaða er rétt, sterkleg og gleið. Júgurgerð er meðalgóð, júgurfesta nærri meðallagi, júgurband ekki sérlega áberandi og júgrin í tæpu meðallagi vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega nettir og vel settir. Mjaltir eru í tæpu meðallagi og skapið mjög gott.

Askur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Strengur 09080 frá Hríshóli í Eyjafirði.

F: Flói 02029, m: Grein 595, mf: Ingjaldur 04011

Um helmingur afkvæma Strengs er tvílitur og ber mest á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum ber mest á rauðum litum þó allir nema gráir finnast. Dætur Strengs eru ekki miklar afurðakýr hvað mjólkurmagn snertir og hlutföll verðefna í mjólk eru mjög há. Þetta eru meðalkýr að stærð, í góðu meðallagi háfættar en bolgrunnar og útlögulitlar. Yfirlína er bein og sterk. Malir eru fremur grannar, beinar og flatar. Fótstaða er rétt en nokkuð þröng. Júgurgerð er meðalgóð, júgurfesta nærri meðallagi, júgurband ekki sérlega áberandi og júgrin í tæpu meðallagi vel borin. Spenar eru vel gerðir, fullstuttir en hæfilega þykkir og mjög vel settir. Mjaltir eru í tæpu meðallagi sem og skapið.

Strengur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Dráttur 09081 frá Torfum í Eyjafirði.

F: Flói 02029, m: Svipa 312, mf: Stígur 97010

Nálægt tveimur þriðju hlutum afkvæma Dráttar eru tvílitir og ber mest á huppótum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir mest áberandi en allir grunnlitir koma fyrir. Dætur Dráttar eru góðar afurðakýr með há efnahlutföll í mjólk. Þetta er meðalstórar og háfættar kýr, í meðallagi boldjúpar með fremur litlar útlögur en mjög sterka yfirlínu. Malirnar eru grannar, beinar en þaklaga. Fótstaða er bein og sterk. Júgurgerðin er góð, festa um meðallag en júgurband áberandi og júgrin vel borin. Spenar eru ágætlega gerðir, aðeins grannir en mjög vel settir. Mjaltir eru úrvalsgóðar, ákaflega lítið um mjaltagalla og skapið í tæpu meðallagi.

Dráttur verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Brúnó 09088 frá Brúnastöðum í Flóa.

F: Flói 02029, m: Erna 286, mf: Seifur 95001

Um tveir þriðju hlutar afkvæma Brúnós eru einlitir þar sem langmest ber á bröndóttum litum þó allir grunnlitir utan gráir komi fyrir. Af tvílitum eru huppóttur og skjöldóttur algengastir. Dætur Brúnó er miklar mjólkurkýr með hátt fituhlutfall í mjólk en próteinhlutfall í tæpu meðallagi. Þetta fremur stórar kýr, háfættar, prýðilega boldjúpar, útlögur fremur litlar en yfirlína bein. Malir eru grannar, beinar en þaklaga. Fótstaða er heldur náin um hækla en annars nokkuð bein og sterkleg. Júgurgerðin er um meðallag, aðeins skortir á festu en júgurband er mjög áberandi og þau eru meðalvel borin. Spenagerðin er góð og þeir eru ákaflega vel settir. Mjaltir eru úrvalsgóðar og gallar hverfandi litlir. Skap þessara kúa er undir meðallagi.

Brúnó verður tekinn til framhaldsnotkunar.